



*Aldís Hafsteinsdóttir,
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
Lokaorð á byggðaráðstefnu 2018*

Ráðherra, fundarstjóri, kæru ráðstefnugestir.

Ég tel mig afar lánsama að hafa náð hingað í Stykkishólmi í morgunsárið og þar með náði ég að fylgjast með dagskrá byggðaráðstefnunnar árið 2018, þó reyndar ekki nema dagskrá dagsins í dag.

Ráðstefnan ber yfirskriftina „Byggðaþróun og umhverfismál, hvernig getur blómleg byggð og náttúrvernd farið saman?“ Afar áhugaverð yfirskrift og ég sé á dagskránni að hér hafa margir sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum flutt mörg fróðleg erindi og án vafa hefur mikið spjallað um málin þess á milli. Nýja vitneskju og eldmóð tökum við heim með okkur og nýtum við þróun og ákvarðanatöku í nútíð og framtíð.

Nú þegar hallar undir heimferð og lok Byggðaráðstefnunnar árið 2018 vil ég fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga þakka Byggðastofnun, Stykkishólmsbæ og Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir góða samvinnu við fulltrúa sambandsins við undirbúning og framkvæmd þessarar ráðstefnu.

Mér er það vel kunnugt að starfsemi Byggðastofnunar er til mikillar fyrirmyndar. Hún sinnir hlutverki sínu vel og þar fer fram mikil og fagleg vinna í þágu byggða þessa lands.

Að öðrum ólöstuðum þá vitum við að starfsmenn stofnunarinnar hafa borið hitann og þungann af undirbúningi þessarar ráðstefnu og sýnt enn og aftur hversu vel Byggðastofnun er þess megnug að standa undir skyldum sínum á sviði byggðamála.

Byggðastofnun sinnir fjölmörgum mikilvægum störfum, og að það starf fari fram í svona öflugri og vel mannaðri stofnun sem staðsett er á landsbyggðinni, er dæmi um hversu vel getur tekist til við að starfrækja ríkisstofnanir utan höfuðborgarsvæðisins.

Ég vil líka nota þetta tækifæri óska stofnuninni og starfsmönnum hennar til hamingju með að ákveðið hefur verið að reisa nýtt og glæsilegt húnæði fyrir starfsemina á Sauðárkróki. Byggðastofnun á það svo sannarlega skilið.

Mörg undanfarin ár hefur það verið vilji og stefna Samband íslenskra sveitarfélaga að sinna enn betur þróun byggðamála samfara því að styðja við valdeflingu í héruðum landsins. Það hefur sambandið gert m.a. með því að styðja af þunga við þróun sóknaráætlana í landshlutum.



Við höfum lagt okkur fram um að efla og þetta samstarf sambandsins og Byggingastofnunar. Framkvæmdastjórinn okkar, Karl Björnsson, hefur tekið þetta verkefni föstum tókum og sýnt að hann hefur brennandi áhuga á byggðamálum.

Til að tryggja þessi tengsl hefur stjórn sambandsins stutt eindregið við setu hans í ýmsum ráðum, nefnum og stjórnnum sem láta sig byggðamál og sóknaráætlanir varða. Tengsl sveitarstjórnarstigsins við Byggingastofnun eru afar mikilvæg og í raun forsenda þess að vel takist til við framkvæmd byggðaáætlunar. Þessi tengsl hafa styrkts verulega undanfarin ár og því ber að fagna.

Hin nýja byggðaáætlun sem samþykkt var fyrr á þessu ári er sú metnaðarfyllsta sem fram hefur komið hér á landi. Samráðið við mótun hennar var til algjörRAR fyrirmyndar.

Mörg hundruð manns hafa komið að gerð hennar og sett mark sitt á hana. Nú nær áætlunin til fjölda sviða sem varða mörg ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. Eignarhald áætlunarinnar er víðtækt.

Nú þegar hafa mörg mál komist á framkvæmdastig og mun vöktun og eftirfylgni einstakara þátta verða markviss.

Á landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri í september sl. var unnið að stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022.

Mörg þeirra markmiða sem til umfjöllunar voru -- eru beintengd verkefnum sem eru í byggðaáætlun. Endanlega verður gengið frá stefnumörkuninni í desember nk. og ljóst er að í henni verður áhersla á að styðja eins og kostur er við framgang byggðaáætlunarinnar.

Við hjá sambandinu er mjög ánægð með þá breytingu að byggðamál hafi verið færð til ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Við höfum lengi verið þeirrar skoðunar að breyting í þessa veru myndi efla málaflokkinn og nú þegar þessi breyting er orðin að veruleika efumst við ekki um að það muni auka mjög tengsl byggðamála við sambandið og sveitarfélögin.

Forsenda blómlegra byggða um allt land er að stjórnvöld beiti sér fyrir því að jafna eins og kostur er tækifæri til fjölbreyttrar atvinnustarfsemi.

Ljósleiðaravæðingin, sem nú stendur yfir í samvinnu við sveitarfélög víða um land, með ríkulegum fjárstuðningi ríkisins, er eitt metnaðarfyllsta byggðaþróunarverkefni sem ráðist hefur verið í.

Í alþjólegum samanburði stöndum við mjög framarlega á því sviði.

Fjöldi sérfræðinga á sviði byggðamála um heim allan telja einmitt góða nettengingu vera eitt mikilvægasta byggðamál nútímans.



Góð tenging fyrir mikið gagnamagn mun auðvelda mörgum að taka að sér aukin verkefni þar sem staðsetning starfsstöðvar skiptir ekki eins miklu máli og áður. Fjórtáa iðnbyltingin er hafin og við getum stolt tekið þátt í henni, óháð búsetu.

Undirstaða allrar umræðu og ákvarðanatöku er þekking á viðfangsefninu.

Við vitum að þróun mála er ekki sú sama um allt land. Það vantar uppá að við höfum nákvæmari upplýsingar greindar niður á svæði, t.d. dæmis varðandi hagvöxt og tekjur einstaklinga og fyrirtækja. Það miðar í rétta átt í þessum efnum en það þarf að gera betur. Öll nákvæm greining byggir á traustum upplýsingum og þær þurfum við að hafa aðgengilegar.

Hér hefur verið rætt um hvort blómleg byggð og umhverfisvernd geti farið saman. Þurfum við ekki sem þjóð að reyna að verða sammála um hvernig við lifum í þessu stórkostlega landi?

Hvernig við nýtum landið, miðin og loftið. Við megum aldrei missa sjónar á því að það eru mikli verðmæti fólgin í því að sem mest af landinu sé í byggð. Við búum í stóru, strjálbýlu landi sem oft getur verið æði harðbýlt. Því er mikilvægi hinna dreifðu byggða gríðarlega mikið ekki bara vegna ferðaþjónustunnar sem krefst ríkulegrar þjónustu hringinn í kringum landið, en líka vegna almennra öryggissjónarmiða.

Göngum út frá því að okkur, hverju og einu, þyki vænt um landið okkar. Sú vá sem steðjar að okkur og jarðarbúum öllum vegna hlýnunar loftslags leggur okkur þær skyldur á herðar að við leggjum hvert okkar um sig, lóð á vogarskálar til að vinna gegn hnattrænni hlýnun.

En við þurfum líka að ná samkomulagi um þá aðferðafræði sem við ætlum að nota til að ákveða hvernig innviðauppbýggingu skuli háttað. Viðfangsefnið er krefjandi, við verðum að ná sátt og við getum ekki látið svo mikilvæg mál veltast um án þess að niðurstaða fáiist, jafnvel í marga áratugi.

Slíkt vinnulag gengur einfaldlega ekki.

Að lokum ítreka ég þakkar til þeirra sem staðið hafa að þessari ráðstefnu, þátttakendum öllum og sérstaklega þeim sem hér hafa flutt erindi og óska ykkur öllum góðrar heimferðar.